

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2023, mánudaginn 5. júní var haldinn 278. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík og hófst kl. 10:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Einar S Hálfánarson og Sunna Jóhannsdóttir. Sigrún Guðmundsdóttir tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist:

1. IER - Lögð fram starfsskýrsla fagsviðs ráðgjafar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf fyrir árið 2022 dags. 5. júní 2023. IER23050005

Agnes Guðjónsdóttir og Íris Arnlaugsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið. 14470
2. Lögð fram starfsskýrsla fagsviðs persónuverndar fyrir tímabilið maí 2022 - apríl 2023 dags. 5. þ.m. IER 23050028.

Dagbjört Hákonardóttir og Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir Bachmann taka sæti á fundinum undir þessum lið. 14470
3. Lögð fram úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á sjálfstætt starfandi tónlistarskólum dags. 24. f.m. IER22120004

Jenný Stefanía Jensdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. 14470
4. Fram fer kynning á niðurstöðum stjórnarsýsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar. IER22120011

Ingunn Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. 14470
5. Fram fer umræða um erindi frá innviðaráðuneytinu dags. 7. mars sl. sem vekur athygli á breytingu reglugerðar nr. 1212/2015 er tók gildi þann 1. mars 2021 og taka ber tillit til við gerð ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2022.

Endurskoðunarnefnd leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Endurskoðunarnefnd óskar eftir því að fjármála- og áhættustýringarsvið veiti nefndinni skriflegar upplýsingar um hvernig brugðist hefur verið við erindi innviðaráðuneytisins er snýr að því að sveitarfélagið hugi sérstaklega að flokkun félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar í A eða B hluta við gerð reikningsskila sinna með hliðsjón af 1. tl. 60. gr. svl.

- Kl. 13:10 vikur Lárus Finnbogason af fundi 14470
6. Lögð fram drög að greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar dags. 23. f.m. IER22110075

Sif Einarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. 14470

Fundi slitið kl. 13:30

Einar Lárus Finnbogason

Sunna Jóhannsdóttir.